

Þeir sameinuðust þar í svörtum bletti, sem ókst áfram eftir götunni. Og fanst mér, er eg virti þá fyrir mér, að eitthvað myndaðist þannig í huga mínum, eins svart og samtengt eins og þeir, og eins og þá sá eg það framundan mér. Samferðamaður minn hafði verið hljóður um hríð, svo hóf hann raust óhikað og með myndugleik, eins og sá sem fult vald hefir yfir hugsun og máli.

„Ekkert í lífinu er sérkennilegra né eftirtektaverðara en orsakirnar til mannanna breytni. Er ekki svo?“

Eg samsinti.

„Þú felst á þá skoðun. Svo skulum við þá tala bert og skorinort. Töpum ekki tækifærinu, en tölum eins og okkur býr í brjósti, því þú ert enn svo ungur“.

Undarlegur er hann, hugsaði eg og fór að verða forvitinn, svo eg spurði: „Hvað eiginlega áttu við?—Svona í svip.—Um hvað eigum við að tala?“

„Því ekki um það sem fyrst verður hendi næst?“ svaraði hann strax og einblíndi framan í mig, og tók svo til orða svo alúðlega eins og væri hann aldavinur minn: „Tölum um tilgang bókmentanna“.

„Eins og þér sýnist“, sagði eg.—Þó það sé nú orðið nokkuð framorðið að mér virðist“.

„Hvað? Það er ekki í ótíma fyrir þig“.

Mér þótti þetta svar nokkuð kynlegt.

Þessi orð voru sögð í slíkri alvöru og fullvissu að þau hljómuðu eins og goðspá. Eg stansaði og var búinn að hugsa mér spurningu, er eg ætlaði að leggja fyrir hann, en þá tók hann mig við hönd sér ofur lipurlega, en þó ákveðinn, og sagði: „Stansaðu ekki, því með mér ert þú á réttri leið“.

„Nógur formáli! Segðu mér hver er tilgangur bókmentanna? Þar er þitt verksvið og því átt þú þetta að vita“.

Undrandi varð eg nú enn meira en áður af nærgengni þessa manns. Hvers æskti hann? Hver var hann?

„Heyrðu“, sagði eg. „Lofaðu mér því, að það sem okkur fer hér á milli“.....—

„Hafa eitthvað sér til réttlætningar, trú þú mér. Það skeð-